

**FRAMKVÆMDARREGLUGERD FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**  
**(ESB) 2024/1186**

2024/EES/83/39

frá 24. apríl 2024

**um leyfi fyrir ilmkjarnaolíu úr kaniilverki og ilmkjarnaolíu úr kanillaufum *Cinnamomum verum* J. Presl  
sem fóðuraukefni fyrir tilteknar dýrategundir (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr. og 5. mgr. 10. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmæðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE <sup>(2)</sup>.
- 2) Efnin ilmkjarnaolia úr kaniilverki og ilmkjarnaolia úr kanillaufum *Cinnamomum verum* J. Presl voru leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessi efni voru síðan færð inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrilliggjandi vörur í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir ilmkjarnaolíu úr kaniilverki og ilmkjarnaolíu úr kanillaufum *Cinnamomum verum* J. Presl sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „skynraen aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Umsækjandinn óskaði eftir því að aukefnin yrðu einnig leyfð til notkunar í drykkjarvatn. Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er notkun bragðefna þó ekki leyfð í drykkjarvatn. Af þessum sökum ætti ekki að leyfa notkun þessara aukefna í drykkjarvatn.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í aliti sínu frá 27. september 2022 <sup>(3)</sup> að við tillögð notkunarskilyrði séu ilmkjarnaolia úr kaniilverki og ilmkjarnaolia úr kanillaufum *Cinnamomum verum* J. Presl öruggar fyrir skammlíf dýr (dýr sem eru ætluð til eldis), þ.m.t. spenagrísir og aðrar aukategundir svína. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að bæði aukefnin væru örugg fyrir neytendur og umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi að vegna þess að stýren er til staðar í ilmkjarnaolíu úr kaniilverki og ilmkjarnaolíu úr kanillaufum væri hún ekki í aðstöðu til að komast að niðurstöðu um öryggi aukefhanna fyrir langlíf dýr og undaneldisdýr, þ.m.t. dýr sem eru alin til varps/undaneldis/æxlunar. Matvælaöryggisstofnunin komst þar að auki að þeirri niðurstöðu að ilmkjarnaolia úr kaniilverki og ilmkjarnaolia úr kanillaufum *Cinnamomum verum* J. Presl ættu að teljast ertandi fyrir húð og augu og húð- og öndunarfæranaðar. Hún tók einnig fram að olía úr kanillaufum og olía úr kaniilverki væru flokkaðar sem krabbameinsvaldur (undirflokkur 1B) á grundvelli þess að  $\geq 0,1\%$  safról er til staðar og það ætti að meðhöndla þær til samræmis við það. Þar eð efni eru viðurkennd sem bragðefni í matvæli og hlutverk þeirra í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki teljist nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þeirra. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefni í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(\*) Pessi ESB-gerð birtist í Stjóri. ESB L, 2024/1186, 25.4.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2024 frá 23. september 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(<sup>1</sup>) Stjóri. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(<sup>2</sup>) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjóri. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1, <http://data.europa.eu/eli/dir/1970/524/oj>).

(<sup>3</sup>) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2022 20(10), 7601.

- 6) Umsækjandinn dró síðan til baka umsóknina um leyfi fyrir ilmkjarnaolíu úr kanilberki og ilmkjarnaolíu úr kanillaufum *Cinnamomum verum* J. Presl fyrir allar dýrategundir og -flokka að undanskildum spenagrísum, spenagrísum aukategunda svína, dýrategundum til eldis (öðrum en dýrum af hestaætt), laxfiskum (öðrum en undaneldisstofni) og aukategundum fiska (öðrum en undaneldisstofni).
- 7) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að ilmkjarnaolia úr kanilberki og ilmkjarnaolia úr kanillaufum *Cinnamomum verum* J. Presl uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar dýrategundir til eldis (önnur en dýr af hestaætt), að því er varðar laxfiska (aðra en undaneldisstofni), að því er varðar aukategundir fiska (aðra en undaneldisstofni), að því er varðar spenagrísi og að því er varðar spenagrísi aukategunda svína. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnanna. Að því er varðar ilmkjarnaolíu úr kanilberki og ilmkjarnaolíu úr kanillaufum *Cinnamomum verum* J. Presl telur framkvæmdastjórnin að tilvist efnanna safróls, metýlevgenóls og stýrens sem gefa tilefni til áhyggna geri það nauðsynlegt að fastsetja hámarksinnihald í heilföðri og að banna samsetningu þessara aukefna við önnur aukefni sem innihalda sömu efinn sem gefa tilefni til áhyggna. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnanna.
- 8) Með 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er lögð sú skylda á framkvæmdastjórnina að hún samþykki reglugerð þar sem krafist er að taka főduraukefni af markaði sem engar umsóknir, eins og krafist er skv. 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, voru lagðar fram fyrir innan frestsins sem kveðið er á um í þessum ákvæðum. Að sama skapi ætti að samþykka reglugerð um főduraukefni þar sem umsókn var lögð fram en síðan dregin til baka.
- 9) Ef um er að ræða főduraukefni þar sem umsókn hefur verið dregin til baka fyrir tilteknar dýrategundir eða -flokka ætti brothvarf af markaði einungis að varða þessar dýrategundir eða -flokka.
- 10) Þess vegna ætti að taka ilmkjarnaolíu úr kanilberki og ilmkjarnaolíu úr kanillaufum *Cinnamomum verum* J. Presl af markaði að því er varðar dýrategundir og -flokka sem falla ekki undir leyfið sem veitt er með þessari reglugerð.
- 11) Að því marki sem ilmkjarnaolia úr kanilberki og ilmkjarnaolia úr kanillaufum *Cinnamomum verum* J. Presl eru leyfðar sem főduraukefni með þessari reglugerð er ekki gerð krafa um taflausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu af öryggisástæðum að því er varðar dýrategundir og -flokka sem falla undir leyfið sem er veitt með þessari reglugerð. Því er rétt að kveða á um umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila til að þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 12) Að því marki sem főduraukefnin eru tekin af markaði er auk þess einnig viðeigandi að gera ráð fyrir umbreytingartímabili þar sem nota má fyrilliggjandi birgðir af aukefnunum, forblöndum, fődurefnum og fődurblöndum sem hafa verið framleidd með þessum aukefnum þar til þær eru uppurnar, einnig að því er varðar þær dýrategundir og flokka dýra sem falla ekki undir leyfið sem veitt er með þessari reglugerð, til að gera hagsmunaaðilum kleift að laga sig að þeirri skyldu að taka þessar vörur af markaði.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastaneftdarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

## Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

#### Taka af markaði

Fóðuraukefnin ilmkjarnaolía úr kanilberki og ilmkjarnaolía úr kanillaufum *Cinnamomum verum* J. Presl, eins og þau eru leyfð samkvæmt tilskipun 70/524/EBE, skulu tekin af markaði að því er varðar aðrar dýrategundir og -flokka en um getur í viðaukanum.

3. gr.

#### Umbreytingarráðstafanir í tengslum við leyfið

1. Fóðuraukefnin sem um getur í 2. gr. og fóðurblöndur sem innihalda þessi aukefni, sem eru framleidd og merkt fyrir 15. nóvember 2024 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 15. maí 2024, má áfram setja á markað og nota, að því er varðar dýrategundir og -flokka sem tilgreind eru í viðaukanum, þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.
2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnin sem um getur í 2. gr., sem eru framleidd og merkt fyrir 15. maí 2025 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 15. maí 2024, má áfram setja á markað og nota, að því er varðar dýrategundir og -flokka sem tilgreind eru í viðaukanum, þar til viðkomandi birgðir eru uppurnar.

4. gr.

#### Umbreytingarráðstafanir í tengslum við töku af markaði

1. Fyrirliggjandi birgðir af fóðuraukefnum sem um getur í 2. gr. má áfram setja á markað og nota, að því er varðar aðrar dýrategundir og -flokka en um getur í viðaukanum, til 15. maí 2025.
2. Forblöndur sem eru framleiddar með fóðuraukefnunum sem um getur í 1. mgr. má áfram setja á markað og nota, að því er varðar aðrar dýrategundir og -flokka en um getur í viðaukanum, til 15. ágúst 2025.
3. Fóðurblöndur og fóðurefni, sem eru framleidd með fóðuraukefnunum sem um getur í 1. mgr. eða með forblöndunum sem um getur í 2. mgr., má áfram setja á markað og nota, að því er varðar aðrar dýrategundir og -flokka en um getur í viðaukanum, til 15. maí 2026.

5. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Sjónartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

## VIÐAUÐI

Kennimámer fóðurauk-efnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágrmarks- innihald	Hámarks- innihald mg af virku efni/kg heilfðurs með 12% rakainnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
<b>Flokkur: Skýrðæn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni</b>								
2b133-eo	Ilmkjarnaolia kaníberki	Úr <i>Samsættning aukefniis</i> sem er fengin úr berki <i>Cinnamomum verum</i> J. Presl Vökvaform	Eldissvín af aukategundum svína	Eldissvín	—	—	25	1. Aukefnið skal notað í föður í formi forblöndu.
		<i>Lýsing á eiginleikum virktu efnisins</i> Ilmkjarnaolia sem er fengin úr berki <i>Cinnamomum verum</i> J. Presl með gufuefningu og síðan aðskilin frá vantsasanum með athellingu eins og skilgreint er af Evrópuráðinu (1).	Spenagrísir og spenagrísir af aukategundum svína	Spenagrísir og spenagrísir af aukategundum svína	—	—	50	2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefnið og forblöndunum skal tilgreina geymsluskiðrói og stöðuleika við hitameðhöndlun.
		Nákvæm skilgreining:	Eldisnautgipir, sauðfír til eldis, aukategundir eldisjörturnýra og eldiskálfar	Eldisnautgipir, sauðfír til eldis, aukategundir eldisjörturnýra og eldiskálfar	—	—	10	3. EKKI skal nota aukefnið í samsetningu með öðrum aukefnum sem innihalda safról, metylegenolí og stýren.
		— (E)-símanaldehýð: 55–75%	Eldiskjúkingar, eldiskalkúnar og aukategundir alifugla til eldis	Eldiskjúkingar, eldiskalkúnar og aukategundir alifugla til eldis	—	—	5	4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndna skulu stjórnendur föðurfríræktja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hýst af notkuninni. Ef ekki eru unnt með slikum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota personuhálfar, s.s. öndunarr, augn- og húðvörn, við notkun á aukefnið og forblöndunum.
		— Evgenol: ≤ 7,5%	Laxfiskar og aukategundir fiska, að undanskildum undaneildisstofnum	Laxfiskar og aukategundir fiska, að undanskildum undaneildisstofnum	—	—	5	
		— β-karyófílen: 1,0–7,5%	Aðrar aukategundir til eldis, að undanskildum dýrum af hestaett	Aðrar aukategundir til eldis, að undanskildum dýrum af hestaett	—	—	5	
		— Linalol: 1,0–7,5%						
		— Safrol: ≤ 0,34%						
		— Metylegenolí: ≤ 0,04%						
		— Sítryen: ≤ 0,024%						
		— Kamforat: ≤ 0,018%						
		— Kúmarin: ≤ 0,011%						
		CAS-númer: 8015-91-6						
		EINECS-númer: 283-479-0						
		FEMA-númer: 2291						
		CoE-númer: 133						
		<i>Greiningaraðferð</i> (2)						
		Til að akvæða (E)-símanaldehýð (þlöntuefnafraðilegt meikiefni í föðuraukefni: gasgreining með logajónuna greiningu (GC-FID))						

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).  
 (2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á einfirðarandi slóð tilvisunarrannsóknarstofunnar: [https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-evaluation/eurl-fa-evaluation-report\\_en](https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-evaluation/eurl-fa-evaluation-report_en).

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, eftaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald mg af virku efni/kg heilfðurs með 12% rakainnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út										
<b>Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni</b>																	
2b133i-eo	Ilmkjarnaolia kanillaflóum	úr Samsetning aukefniis <i>Cinnamomum verum J. Presl</i> Vökvaform <i>Lýsing á eiginleikum virka efniðins</i> Ilmkjarnaolia sem er fengin úr laufum <i>Cinnamomum verum J. Presl</i> með gufumíngum og síðan aðskilin frá vattusasanum með afhellingu eins og skilgreint er af Evrópuráðnu (1). Nákvæm skilgreining: <ul style="list-style-type: none"><li>— (E)-sínnamaðdehyð: ≤ 3%</li><li>— Evgenól: 70–85%</li><li>— Evgenýlasettat: 1,3–5,0%</li><li>— Bensylbensóat: 2–4,5%</li><li>— Safíol: ≤ 1,09%</li><li>— Metylevgenól: ≤ 0,030%</li><li>— Kamfora: ≤ 0,007%</li><li>— Kúmarin: ≤ 0,01%</li><li>— Styren: ≤ 0,013%</li></ul> CAS-numur: 8015-91-6 EINECS-numur: 283-479-0 FEMA-númer: 2292 CoE-númer: 133	Elđissvín	— Elđissvin af aukategundum svína	— Spenagrísir og spenagrísir af aukategundum svína	— Nautgripir og sauðfē til eldis, aukategundir elđisjörturdyra og eldiskálfar	— Elđiskjúkingar og aukategundir alifugla til eldis	— Elđiskalkúnar	— Elđiskanínur	— Laxfiskar og aukategundir fiska, að undanskildum undaneildistofnum	— Aðrar aukategundir til eldis, að undanskildum dýrum af hestaett	— — 50	— — 50	— — 50	1. Aukefnið skal notað í föður í formi forblöðaðu. 2. Í notkunarleiðobiningum með aukefinu og forblöndum skal tilgreina geymsluskiðryði og stöðuleika við hitameðhöndlun. 3. EKKI skal nota aukefnið í samsetningu með öðrum aukefnum sem innihalda safíol, metylevgenól og sýren. 4. Að því er varðar notendur aukefnið og forblöndina skulu stjórnumendur föðunfyrirrakja koma á verklags-regum og skipulagströðstofnum til að bregðast við mögulegi áhættu sem hýst af notkuninni. Ef ekki eru unnt með sílikum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota personuhifaf, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefinu og forblöndunum.	1. Aukefnið skal notað í föður í formi forblöðaðu. 2. Í notkunarleiðobiningum með aukefinu og forblöndum skal tilgreina geymsluskiðryði og stöðuleika við hitameðhöndlun. 3. EKKI skal nota aukefnið í samsetningu með öðrum aukefnum sem innihalda safíol, metylevgenól og sýren. 4. Að því er varðar notendur aukefnið og forblöndina skulu stjórnumendur föðunfyrirrakja koma á verklags-regum og skipulagströðstofnum til að bregðast við mögulegi áhættu sem hýst af notkuninni. Ef ekki eru unnt með sílikum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu skal nota personuhifaf, s.s. öndunar-, augn- og húðvörn, við notkun á aukefinu og forblöndunum.	15. maí 2034

(1) „Natural sources of flavourings“ — Skýrsla nr. 2 (2007).

(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáinlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: [https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-report\\_en](https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-report_en).